

36. fundur Hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn þann 10. mars 2009 kl. 20:30 í Lundarskóla.

Mættir

f.h. hverfisnefndar:

Ingvar Þóroddsson

Hermann Karlsson, sem hefur tekið sæti Þuríðar Árnadóttur

f.h. Foreldrafélags Lundarskóla:

Kristín Sigurðardóttir

Vilborg Þórarinsdóttir

f.h. Lundarskóla:

Þorgerður Sigurðardóttir

Jóhanna Einarsdóttir

Umræðuefni fundarins var áframhaldandi skipulag vegna Vorhátíðar þann 16. maí 2009

Kristín kynnti að foreldrafélagið legði til Brúðuleikhús Bents og yrði Pétur og úlfurinn á sviðinu hjá honum þennan daginn. Sýningartími 40 mínútur. Þá kvaðst Kristín hafa rætt við forsvarsmenn Knattspyrnudeildar KA og hefðu þeir tekið vel í að vera með knattþrautir.

Ingvar kvaðst hafa rætt við eldri borgarana í Víðilundinum og myndu þeir koma að dagskránni með söng.

Hugmyndir að framlagi Lundarskóla,

- Kór skólans, Elínborg kvað mjög líklegt að hann gæti komið þarna fram
- Athuga með atriði sem verða sýnd á árshátíðinni í lok mars – Þorgerður
- Andlitsmálun frá stúlkum í 8. bekk – Jóhanna
- Dans frá stúlkum í 6. bekk – Jóhanna
- Útiskreytingar, blöðrur og þess háttar – Kristín, ath. með bekkjarfulltrúa 3ja bekkjar að sjá um það.

Rætt var um kynningarmál hátíðarinnar. Stefnt er að það gera enn betur í þeim málum og ætlar Lundarskóli m.a. að setja upplýsingar inná heimasíðu sína í byrjun apríl til að minna á daginn. Reynsla hefur sýnt að leggja þarf mikla áherslu á að foreldar komi með börnum sínum og séu með í þeim verkum sem þau eru í. Nánar útfært á næsta fundi.

Rætt var um aðföng, pylsur, brauð, drykki og önnur atriði. Norðlenska hefur hingað til gefið pylsur og lagt til grill og tók Hermann að sér að skoða þau mál. Drykkir hafa verið fengnir hjá Mjólkursamlaginu en pylsubrauð og annað meðlæti þarf að kaupa. Verður útfært á næsta fundi.

Rætt var um skipulag hreinsunarmála. Aðilar sammála að betur má gera í þeim málum. Stefnt á að hafa eina klukkustund til hreinsunarstarfa í hverfinu áður en hátíðin hefst. Boða fólk í Lundarskóla og skipuleggja síðan út frá mætingu hvaða svæði verða tekin.

Ákveðið var að hátíðin stæði frá kl. 11:30 – 13:30 og hreinsunarstarf frá kl. 10:30 – 11:30.

Næsti fundur boðaður fljótt eftir páska, Ingvar sér um það.

Fundi lokið kl. 21:25.

Fundargerð ritaði,

Hermann Karlsson